



Hafnarfirði 31.12.2013

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2013

Stjórnarstarf

Breyting varð á stjórn félagsins þar sem Rebekka Stefánsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í hennar stað var Helga Jóhannsdóttir kosin sem gjaldkeri til tveggja ára. Að öðru leiti varð engin breyting á stjórn né varastjórn. Ánægja félagsmanna var mæld í netkönnun, niðurstaðan kynnt á árlegum stefnumótunarfundi sem var haldinn 14 febrúar 2013. Þar var stefna félagsins endurskoðuð, markmið félagsins endurmetin og stofnað til verkefna.

Eitt af markmiðum félagsins á árinu var samkvæmt venju að vinna alla titla sem í boði voru. Ekki gekk það eftir að þessu sinni en kvennfólkið stóð fyrir sínu og landaði Íslandsmeistaratitlinum í sveitakeppni í skeet.

Samþykkt var að hækka árgjald félagsins úr 7.000 kr. í 9.000 kr. en árgjaldið hafði ekki hækkað í allnokkur ár.

Stjórnin samdi við keppendur og þjálfara um áframhaldandi þjálfun útvaldra keppnismanna en án styrkja af hálfu félagsins.

Tekin var ákvörðun um að óska þessi við stjórn STÍ að íslenska nafnið á Nordisk trap og nefna það eftirleiðs Norrænt trap í umfjöllunum og mótaskrá. Það er ekki að sjá annað en stjórn STÍ hafi fallist á málaleitanina þar sem heitið Norrænt trap er notað í mótaskrá STÍ 2014. Jafnframt var farið fram á að SÍH fengi að halda fyrsta Íslandsmótið í Norrænu trappi sem einnig má sjá má í mótaskrá STÍ að hafi verið samþykkt.

Daglegur rekstur

Sjö stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært mánaðarlega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins

og birt að loknu keppnistímabilinu á heimasíðu þess.

Félagsstarf og námskeiðshald

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra. Nokkrir nýir æfingastjórar bættust í hópinn.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu og var þátttaka góð. Nokkrir nýir leiðbeinendur komu að námskeiðhaldinu og skiptu með sér verkum, sem tókst vel.

Kvennastarf SÍH

Kvennastarf félagsins var með svipuðu sniði þar sem haldnar eru vikulegar æfingar eingöngu ætlaðar fyrir kvenfólk. Þátttaka kvenna í landsmótum hefur aldrei verið meiri. Kvennasveit SÍH tók þátt í Íslandsmótinu náði að landa Íslandsmeistaratitli eins og áður hefur komið fram.

Keppnisferðir erlendis

Samkvæmt langri hefð tóku nokkrir félagsmenn SÍH þátt í Skandinavia open og stóðu sig með þriðji.

Félagatal

Gefin voru út 99 félagsskírteini á móti 116 árið áður. Á árinu gengu 20 manns í félagið á móti 32 nýliðum árið áður.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót og opin mót

Samtals voru skráðir 65 þátttakendur frá SÍH á 12 opin- og landsmót á móti 82 þátttakendum á 11 mótum árið áður. Félagið hélt eitt landsmót í byrjun apríl og Bikarmót STÍ í septemer.

SÍH Open var halið í níunda sinn í byrjun júlí þar sem 10 útlendingar frá fjórum þjóðum tóku þátt. Tveir frá Englandi, þrír frá Grænlandi, tveir frá Danmörku og þrír komu alla leið frá Ceyman Island.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í skeet og nordisk trap voru tíu talsins þar sem samtals 57 þátttakendur voru skráðir til leiks en voru 71 á síðasta ári á jafn mörgum mótum. Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurþór Jóhannesson Skotmaður SÍH í skeet, Helga Jóhannsdóttir Skotkona SÍH í skeet og Stefán Geir Stefánsson Skotmaður SÍH í Norrænu trappi.

Að venju var mikil gleðskapur um kvöldið þegar uppskeruhátíð SÍH var haldin. Tilkynt var um úrslit úr kosningu á æfingastjóra ársins sem

var Víðir Guðjónsson að þessu sinni. Við sama tækifæri voru veittar ýmsar aðrar viðurkenningar fyrir góðan árangur, góðan stuðning og gott starf fyrir félagið á árinu.

Skýrsla fjárhagsnefndar

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.

Styrkir til keppnismanna sem æfa undir handleiðslu þjálfara voru felldir niður en styrkir vegna þátttöku á mótum og styrkir fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla voru veittir eins og áður.

Samtals fengu 12 keppnismenn 690 hringi í styrki á árinu 2013 sem eru 17250 dúfur en á síðasta ári fengu 8 keppnismenn 1290 hringi í styrki sem eru 32250 dúfur.

Skýrsla skemmtinefndar

Árshátíð félagsins sem haldin á skírdag var vel sótt og einstaklega vel heppnuð enda skipulögð af skemmtinefnd með reynslu.

Að loknum fyrri keppnisdegi á SÍH open var haldin grillveisla að venju og stórskemmtileg uppskeruhátíðin að loknu lokamótinu 14. september.

Skýrsla vallarnefndar

Frakvæmdir við nýjan trappvöll gengu vel. Aðeins er eftir lítilsháttar frágangur við aðkomu að trapphúsinu. Búið er að planta miklu magni af trjágróðri á svæðinu og verður spennandi að sjá hvernig honum farnast á næstu misserum. Búið er að grafa fyrir turn og marki á nýja skeetvöllinum og langt komið með að slá upp steypumótum.

Kvennamótið Skytta var að þessu sinni haldið á Iðavöllum þar sem 11 konur tóku þátt, þar af 4 nýliðar. SÍH var ekki mótshaldari en lagði til aðstöðu og starfsmenn en mótið þótti takast frábærlega vel.

Á árinu 2013 voru skotnar 100.400 leirdúfur á móti 94.200 árið áður.

Ritnefnd

Nýtt vefforrit sem nú hefur verið í notkun í heilt ár hefur reynst vel og auðveldar umhald á vefsetrinu. Lögð var áhersla á að allar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og að fréttir af starfseminni komist sem fyrst til félagsmanna. Mest heimóttá síðan á vefsetrinu var „Mótaskrá og úrslit móta sem var heimótt 2303 sinnum.

Fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen

formaður SÍH